

Tuttugu og níu

Spil fyrir 2

Gildi spila:

Ás, kóngur, drottning og gosi = 1

Önnur spil eins og gildi þeirra segja til um

Gangur spilsins:

- Báðir leikmenn fá 26 spil sem þeir setja í bunka með bakhliðina upp.
- Sá sem ekki gaf byrjar að leggja niður spil og segir gildi þess.
- Hinn leggur spil ofan á og leggur gildi þess við fyrra spilið. Segir samtöluna.
- Leikmenn gera síðan til skiptis þar til annar leikmaðurinn hittir nákvæmlega á 29, þá hefur hann fengið slag sem hann leggur til hliðar. Ef samtalan fer upp fyrir 29 verður leikmaður að segja „pass“ og stinga spilinu undir bunkann hjá sér. Hinn leggur þá næsta spil og haldið er áfram að gera til skiptis.
- Sá sem fékk slag setur úr fyrsta spilið í nýjan slag.
- Sá vinnur sem hefur náð fleiri slögum þegar ekki er hægt að búa til fleiri slagi úr þeim spilum sem leikmenn hafa í bunkanum (oftast ganga nokkur spil af í lokin).